

## 7. gr.

Til þess að fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart sjóðnum séu gildar þarf formaður auk annars stjórnarmanns hið minnsta að undirrita þær. Sjóðstjórn er heimilt að veita starfsmanni prókúruumboð.

## 8. gr.

Stjórnin ákveður þóknun fyrir stjórnarstörf, ef ástæða þykir til, svo og þóknun fyrir önnur störf, sem unnin eru á vegum sjóðsins.

## 9. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu ávallt sitja hið minnsta þrjú aðilar, og ef einhver stjórnarmanna fellur frá, eða kýs að láta af stjórnarstörfum, skulu þeir er eftir sitja hið fyrsta leita eftir nýjum aðila í stjórn, þannig að ákvæðið um þrjá menn hið minnsta verði ekki brotið.

## 10. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga úr sjóðnum, reikningshald hans og umsjón.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 206 17. apríl 1984 um gatnagerðargjöld í Reykjavík.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Til 1. janúar 1990 skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Eigendur eignarlóða, aðrir en þeir sem borgarstjórn hefur gert sérstakan samning við, handhafar leigulóða og lóðarhafar lóða, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, en hafa ekki enn fengið leigulóðarsamning, geta sótt um nýbyggingar, stækkanir og breytingar húsa til byggingarnefndar skv. nýtingarhlutfalli samþykks aðal- eða deiliskipulags. Gatnagerðargjald greiðist þennan tíma hvorki af eignarlóðum né leigulóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959. Á tímabilinu 1. janúar 1989 til 31. desember 1989 skal greiða ½ gatnagerðargjald af eignarlóðum og lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959, en eftir 1. janúar 1990 skal greiða af þeim fullt gjald.

Af öðrum lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað skal greiða gatnagerðargjald skv. því rúmmetragjaldi, er gildi þegar úthlutun fór fram eða þeim skilmálum er úthlutun fylgdu.

Felli byggingarnefnd úr gildi byggingarleyfi húss, byggingaráfanga eða stækkunar, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar gr. 3.4.6., 1. mgr. eftir 1. janúar 1989 skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. september 1987.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*